


Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Ágúst Ingi Ólafsson  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. mars 2012  
Tilvísun: UST20111000062/edk

## Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar dagsett 6. desember sl. þar sem áformað var að áminna Sorpstöð Rangárvallasýslu vegna tveggja fráviks frá starfsleyfi. Annað varðar geymslu bíla á urðunarstaðnum en ekki er heimild til slíks og hitt frávik varðar að magn úrgangs sem er urðað á urðunarstaðnum er umfram þau mörk sem heimil eru skv. starfsleyfi. Einnig er vísað í bréf sem barst Umhverfisstofnun 20. desember sl. þar sem fram koma sjónarmið rekstraraðila.

### 1. Geymsla bíla á urðunarsvæðinu

Í svörum rekstraraðila kom fram að Sorpstöð Rangárvallasýslu fyrirhugar breytingar á tilhögun urðunar úrgangs í landi Strandar og til stendur að gera mat á umhverfisáhrifum í tengslum við fyrirhugaðar breytingar og sækja um nýtt starfsleyfi. Samhliða mati á umhverfisáhrifum mun verða tekið til endurskoðunar hvort hætta eigi alfarið geymslu bíla á staðnum og gert er ráð fyrir sér umfjöllun um þennan þátt í frummatsskýrslu. Í svörum rekstraraðila segir einnig að til skamms tíma verði þeir bílar sem nú eru í geymslu á urðunarstaðnum fjarlægðir og sendir til vinnslu fyrir úr sér gengin ökutæki. Umhverfisstofnun óskar eftir staðfestingu frá rekstraraðila um að lokið hafi verið við að fjarlægða bíla af urðunarstaðnum.

### 2. Magn úrgangs

Magn urðaðs sláturúrgangs á Strönd var 1630 tonn árið 2010 en skv. ákv. 1.2 í starfsleyfi er einungis heimild til að urða 800 tonn af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi á ári og það skilyrði sett fyrir urðuninni að Sorpstöð Rangárvallasýslu sýni fram á að endurnýting sé ekki möguleg og aðrar förgunarleiðir ekki færar. Í bréfi dagsetu 6. desember sl. bendir Umhverfisstofnun á að skv. starfsleyfi skuli rekstraraðili markvisst leita leiða til að endurnýta úrgang, t.d. með jarðgerð, og tekur fram að greinargerð um að slík athugun hafi farið fram hafi ekki borist stofnuninni. Í sjónarmiðum rekstraraðila frá 20. desember sl. kemur fram að sorpstöðin hyggst meta umhverfisáhrif af breyttri starfssemi og aukinni urðun og í framhaldi sækja um nýtt starfsleyfi, en Umhverfisstofnun voru tilkynnt þessi áform í bréfi 14. desember sl. Í sjónarmiðum rekstraraðila segir enn fremur að fjallað verði ítælega um magn sláturúrgangs, meðhöndlun og hugsanlegar úrbætur í mati á umhverfisáhrifum fyrir fyrirhugaða endurskoðun starfsleyfis. Einnig er tekið fram að meðan á því ferli standi muni sorpstöðin leita allra leiða til að minnka það magn sem nú berst til Strandar, en ekki er tekið

fram hvernig það verði gert og hversu miklum árangri megi búast við af aðgerðunum. Umhverfisstofnun vill ítreka að heimild til að urða 800 tonn af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi á ári er háð því skilyrði að Sorpstöð Rangárvallarsýslu sýni fram á að endurnýting eða aðrar förgunarleiðir séu ekki færar, en greinargerð um slíkt hefur enn ekki borist þó svo að óskað hafi verið eftir henni í bréfi dagsettu 6. desember sl. Viðbrögð Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu til að bæta fyrir frávík er varðar magn urðaðs úrgangs teljast því ekki fullnægjandi.


**Umhverfisstofnun veitir hér með Sorpstöð Rangárvallarsýslu áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem endurnýting eða aðrar förgunarleiðir virðast ekki hafa verið kannaðar til að draga úr magni urðaðs úrgangs og greinargerð þess efni hefur ekki borist stofnuninni. Umhverfisstofnun veitir Sorpstöð Rangárvallarsýslu frest til 13. apríl til að skila inn greinargerð um möguleika á endurnýtingu eða öðrum förgunarleiðum með það markmið að draga úr magni urðaðs úrgangs að Strönd.**

Sinni Sorpstöð Rangárvallarsýslu ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst

  
Kristin Linda Arnadóttir  
fórstjóri

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands